

Ed.

60. Tillaga til þingsályktunar

[53. mál]

um frjálsa umferð Íslendinga að og frá aðalflugstöð íslenskra ríkisins á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Tómas Karlsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á utanríkisráðherra að hlutast til um, að sérstakur vegur, afgirtur, ef þess er talin þörf, verði lagður að flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli og tryggður frjáls aðgangur Íslendinga sem annarra að og frá flugstöðinni. Þannig verði gengið frá málum, að tryggt verði, að þeir menn, sem erindi eiga í flugstöðvarbygginguna, þurfi ekki að hlíta eftirliti og leyfi bandarískra herlögglumanna við aðalflugstöð íslenskra ríkisins.

Greinargerð.

Keflavíkurflugvöllur er orðinn miðstöð millilandaflugs Íslendinga, og mun umferð fara mjög vaxandi um flugvöllinn á næstu árum. Sá hængur er á, að flugvöllurinn er á yfirráðasvæði varnarliðs Bandaríkjanna í Keflavík, en um það er hervörður. Við flugvallarhliðið, er allir þurfa að fara um, sem erindi eiga að eða frá flugstöðvarbyggingu íslenskra ríkisins, eru herlögglumenn ásamt íslenskum lögglumönnum til eftirlits með allri umferð inn og út af vellinum. Þetta er hvítleiður trafali. Það gefur og erlendum ferðamönnum ekki góða fyrstu sýn af Íslandi og hugmyndir um stöðu þjóðarinnar, að þeir skuli þurfa að fara í gegnum eftirlit bandarískra hermanna á aðalflugstöð íslenskra ríkisins.

Hér er auðvelt úr að bæta. Það þyrfti ekki annað en girða núverandi veg eða leggja sérstakan veg afgirtan að flugstöðvarbyggingunni, þannig að ekkert eftirlit þyrfti að vera af neinu tagi með umferð að og frá flugstöðvarbyggingunni. Auðvitað væri svo eins og í öllum flugstöðvum eftirlit með því, að engir kæmust út úr flugstöðvarbyggingunni og út á sjálfan flugvöllinn aðrir en starfsmenn og farþegar með rétt skilríki.

Það er auðvelt og kostnaðarlítið að leysa þetta mál með þessum hætti, og það ætti að vera eðlilegt þjóðarstolt, sem hér knýði á. Það er vansæmandi að láta þessar eðlilegu og sjálfsögðu ráðstafanir dragast lengur úr hömlu, og þar sem Alþýðublaðið, mál gagn hæstv. utanríkisráðherra, hefur ásamt öðrum blöðum krafizt í forustu grein fyrir ekki ýkjälöngu, að mál þetta verði leyst, má ætla, að utanríkisráðherra muni taka áskorun háttv. þingdeildar vel. Sennilegt má og telja, að hér muni ekki skorta áhuga hæstv. flugmálaráðherra, því eins og Alþýðublaðið sagði, þá „er ófært, að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli sé lokuð af her og lögregluverði.“